

Leikstjóri: Agnes Wild

Leikarar: Jenný Lára Arnórsdóttir og Jóhann Axel Ingólfsson

Elska

Ástarsögur Norðlendinga

Kærleiksríki
einleikurinn sem
er nú orðin að
fullvaxta
leikverki



Sunnudaginn 26. mars

Kl. 20:00

Breiðumýri

Miðverð: 2.800 kr.

Miðapantanir: 8476921

Sýning er klukkutími að
lengd



Aðalfundur

félags eldri borgara Þingeyjarsveitar

verður haldinn mánudaginn 27. mars
kl 14:00 í Dalakofanum

venjuleg aðalfundarstörf og kjósa þarf 3 nýja í stjórn
úr stjórn ganga Sigurður Pálsson, Sigurborg
Gunnlaugsdóttir og Árni Njálsson

nýir félagar ávallt velkomnir, kaffi á eftir

stjórnin

Goðafoss

Verslun – Veitingar - Minjagripir

Atvinna

Við leitum að starfsmanni í eldhúsið hjá okkur.

Óskum einnig eftir 40 fet gámi, helst frystigámi

Vinsamlegast hafið samband

Siddi@sveitarsetrid.is - 8980444



Styrkir til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **27. mars n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2017. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Styrkþegar þurfa að hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **27. mars n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2016 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar



Þingeyjarsveit

Breyting á deiliskipulagi svæðis umhverfis Goðafoss

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 23. febrúar 2017 að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæði umhverfis Goðafoss. Breytingin felst í því að núverandi bílastæði austan Skjálfandafliðs verði stækkuð og þeim fjölgað úr 34 í 90.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar, frá og með föstudeginum 17. mars 2017 með athugasemdarfresti til og með föstudeginum 28. apríl 2017. Þá eru upplýsingar einnig aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is>, skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur í auglýsingu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 28. apríl 2017. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjálín,
skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

Aðalfundur.

Aðalfundur H.M.H. og Goðafossmarkaðar verða haldnir laugardaginn 22. apríl (ekki búið að ákveða staðsetningu) kl 11.00. Nánar verða þessir fundir auglýstir síðar í Hlaupastelpunni og netmiðlum.

Stjórnirnar.



FÓTSNYRTING

Kvenfélag Fnjóskdæla stendur fyrir fótisnyrtingu í Skógum fyrir íbúa á sínu starfssvæði mánudaginn 27 mars frá kl. 10.00. Allir velkomnir, en fótisnyrting fyrir 67 ára og eldri er í boði kvenfélagsins. Pantið tíma hjá Grétu í síma 462-6840 Fyrir kl 15.00 á sunnudag 26. mars..

Stjórnin



Sunnudagaskóli Einarstöðum

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi sunnudag, 26. mars klukkan 11:00. Allir velkomnir. Séra Þorgrímur.



Laust starf við Stórutjarnaskóla

Vegna tímabundinna veikindaforfalla vantar okkur skólaliða í 100% starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst og starfað til mánaðamóta maí / júní.

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í síma: 464-3220 og 895-6220

skólastjóri



Kyrrðar og bænastund

Kyrrðar og bænastund verður í Nesi næstkomandi mánudag, 27. mars klukkan 20:00. Allir velkomnir. Séra Þorgrímur.

Aðalfundur Sjálfstæðisfélags Þingeyinga

og félags sjálfstæðiskvenna í S-Þingeyjarsýslu verður haldinn sunnudaginn 26.mars kl 20:30 á Grenjaðarstað (Hlöðunni)

ATH að félag sjálfstæðiskvenna fundar kl 20:00. Venjulega aðalfundarstörf. Nýir félagar velkomnir.

Með kveðju stjórnin

Leikfélag Húsavíkur sýnir

Bót og betrun

eftir Michael Cooney í leikstjórn Mariu Sigurðardóttur

Framsýning laugardaginn 25. mars

- 2 sýning: þriðjudag, 28. mars kl. 20:00
3. sýning: föstudag, 31. mars kl. 20:00
4. sýning: laugardag, 1. apríl kl. 14:00
5. sýning: þriðjudag, 4. apríl kl. 20:00

Félagsmenn Framsýnar, Dispilnar og Starfsmannafélags Húsavíkur geta keypt aðskiltarmótið hjá stáum félagnum áður en þeir fara á leikföngu.



Miðapannir: midi@leikfelagid.is • 464 1129 • www.leikfelagid.is

12. tbl.
22. mars
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Árshátíð Stórutjarnaskóla

Árshátíð Stórutjarnaskóla verður haldin **föstudagskvöldið 24. mars og hefst kl 20:00**

Grunnskólanemendur sýna leikritin "Sjóræningjar á Ljósavatni" og "Pappírspési" en elstu nemendur leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla sýna verkið "Búkolla".

Aðgangur kr 2000- veitingar innifaldar frítt fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri

Sjoppa og dans á eftir

Allir hjartanlega velkomnir

Nemendur og starfsfólk